



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

5. fundur stjórnar 2023-2024 þriðjudaginn 31. október 2023

kl. 14.00 - 16.00 í Gimli, stofu G-209 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Zophonías Oddur Jónsson. Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson, Hólmfríður Garðarsdóttir (kl. 14:35).
Forföll: Guðný Björk Eydal og Ólafur Páll Jónsson.
Zophonías Oddur Jónsson ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 4. stjórnarfundar frá 13. október 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Kannanir.
3. Kjaramál.
4. Húsnæðismál skrifstofu.
5. Ósk um færslu úr FH í FPR. Framhald.
6. Næsti stjórnarfundur.
7. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 3. stjórnarfundar frá 13. október 2023.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 14.15.

1. Fundargerð 4. stjórnarfundar frá 13. október 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt.

2. Kannanir.

Greining á fyrri könnun sem var lögð fyrir félagsfólk FPR er í gangi. Lýsandi tölfræði er komin en enn á eftir að greina betur mun á milli hópa. Seinni könnunin, sem er líka lögð fyrir félagsfólk FH og FHA er í gangi og mun ítrekun fara út til félagsfólks á næstu dögum. Próffessorar hafa tekið vel í að svara og er u.þ.b. helmingur þeirra búinn að því.

3. Kjaramál.

Sigrún fór yfir stöðuna í samningamálum og hefur verið í samskiptum við samninganefnd ríkisins. Hún gerði grein fyrir heimsóknum sínum í Háskólann að Hólum og Háskólann á Akureyri. Þar komu upp málefni sem félagið mun skoða, m.a. að próffessorar vilji ekki koma yfir í FPR vegna launalækkunar, rannsóknarfé prófessora við HA og minni greiðsla til prófessora við HA í rannsóknarleyfi en í HÍ. Einnig var rætt að próffessorar við HA fá ekki greidda yfirvinnu, á meðan hún er greidd lektorum og dósentum. Formaður hefur sent erindi til rektors HA um að próffessorar við HA fái rannsóknarfé til samræmis við lektora og dósenta við HA og allt akademískt starfsfólk við HÍ og á von á jákvæðum svörum.

4. Húsnæðismál skrifstofu.

Samþykkt að framkvæmdastjóri fylgi BHM þótt það kosti meira.

5. Ósk um færslu úr FH í FPR. Framhald.

Málinu var frestað til næsta fundar.

6. Næsti stjórnarfundur.

Næsti fundar verður þriðjudaginn 28. nóvember kl. 14-16.

7. Önnur mál.

Könnun nemanda í náms- og starfsráðgjöf.

MS nemandi í náms- og starfsráðgjöf biður FPR að senda út könnun um þriðju vaktina. Lýst var yfir áhyggjum að þetta geti skapað fordæmi fyrir aðrar nemendakannanir. Það gætu komið gagnlegar upplýsingar út úr þessu en ekki ljóst hvenær og hversu vel væri unnið úr þeim. Einnig er áhætta að svörun í könnunum sem tengjast áherslumálum félagsins minnki ef álag af könnunum er of mikið. Stjórnarfolk hallast frekar að því að segja nei. Formaður mun ráðfæra sig við FH og FHA og taka ákvörðun í framhaldinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.

Fundarritari: ZOJ.